

Foreldraráðsfundur 9. janúar kl. 8:10-9:30

Mætt:

Baldur Pálsson (aðstoðarskólustjóri), Birna Helgadóttir (foreldraráð), Helga Sverrisdóttir (foreldrafélag), Kristín Jónína Gísladóttir (foreldraráð), Sigfús Grétarsson (skólustjóri, Grunnskóli Seltjarnarness), Sigríður Sigurðardóttir, Sigurlína Margrét Magnúsdóttir (foreldraráð)

Fundarstaður

Mýrarhúsaskóli

Ritari:

Kristín

Eftirfarandi var rætt:

Blöndun í 4. bekk

Blöndun og samkenntla sem er nýhafin í 4. bekk fer vel af stað samkvæmt stjórnendum. Einnig virðist almenn ánægja meðal foreldra með fyrirkomulagið. *Fundarmenn töldu mikilvægt að það færi bréf heim í vikulokin þar sem fram kæmi hvernig fyrstu dagarnir hafa gengið.*

Samræmd próf í 4. og 7. bekk.

Stjórnendur eru ánægðir með niðurstöður ú samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. Niðurstöður hafa verið birtar á heimasíðu skólans. Stjórnendur sögðu frá því að fjórum vikum liðnum fengju nemendur úrlausnir sínar send heim. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þetta og telja að þetta hjálpi börnum og foreldrum að átta sig betur á prófunum og gengi barna sinna.

Vettvangsferðir

Foreldraráð hvetur stjórnendur til að beita sér fyrir því að vettvangsferðir (þ.e. hvaða ferðir eru farnar, hvenær og hvers vegna) verði skoðaðar með gagnrýnum augum og einnig að fundað verði með nemendaráði og skoðanir þeirra fengnar á málinu. *Stjórnendur tóku vel í þetta.*

Nemendaráð

Rætt um hvort það ætti að standa fleirum en einungis nemendum í 10. bekk að bjóða sig fram í nemendaráð.

Skólanámskrá

Foreldraráð lýsir enn og aftur yfir ánægju sinni með útgáfu skólanámskrá og í hvaða farvegi vinna hennar er. Foreldraráð hefur lesið yfir skólanámskrána og gert athugasemdir. Á fundinum var farið yfir athugasemdir foreldraráðs við almenna hlutann og námskrá 1.-3. bekkjar. Stjórnendur ítrekuðu að gott væri að fá allar athugasemdir – stórar sem smár – því betur sjá augu en auga. Á næsta fundi verður síðan farið yfir námskrár 4-6 bekk og 7-10 bekk. Námskráin er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans.

Á fundi 16. janúar hittust foreldraráð og skólustjórnendur á fundi í Való kl. 8:10-9:30 og fóru yfir athugasemdir við bekkjarnámskrár 4.-6. og 7-10. bekkjar.

Foreldraráð mun skrifa umsögn um skólanámskrá og leggja fyrir skólanefndarfund fljótlega.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 13. febrúar kl. 8:10-9:30 í Mýró.